


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 2	MYL 303- Þrívíddarformfræði	Kennsluáætlun – haustönn 2010

Áfangalýsing:

Nemendur velta fyrir sér og vinna með hugtökin rými og þrívídd og skoða áhrif ljóss og skugga. Nemendur skoða hvernig hægt er að útfæra tvívíð verk í þrívídd. Þeir læra nokkrar grunnaðferðir við gerð þrívíðra verka s.s að vinna lágmynd úr pappa, móta leir og taka gifsafsteipu, vinna með hænsnanet, múrnet, vír, gifs – bæði blautgifs og gifsgrísjur, pappamassa o.fl. Nemendur vinna markvisst í skissubók/dagbók þar sem kveikja að hugmyndum, þróunarferli og möguleikum koma skýrt fram með skissum, ljósmyndum og greinagóðum texta. Einnig verður lagt fyrir nemendur hóp verkefni, farið í vettvangsferð og verk ýmissra listamanna kynnt.

Áfangamarkmið:

Að nemandinn:

- Hafi kynnst margvíslegum efnivið við uppbyggingu þrívíðra verka
- Kunni skil á ýmsum aðferðum og tækni við gerð þrívíðra verka
- kunni einfalda afsteyputækni og meðferð blautgifs og pappamassa
- hafi kynnst dæmum úr listasögunni og vinnu myndhöggvara og rýmislistamanna í eigin samfélagi.
- Hafi sýnt sjálfstæði, frumlega hugsun og ögrun í vinnubrögðum.

Námsmat og vægi námsþátta:

Símat þar sem ástundun og vinnusemi vegur þungt. (Sjá lýsingu) Ástundun og símat á færni nemenda í þáttum eins og sjálfstæði í vinnubrögðum, tilraunum, skissu og dagbókarfærslu þar sem nemandi lýsir ferli verkefna með skissum, upplýsandi texta og ljósmyndum ásamt úrvinnslu verkefna og ástundun.

Námsmats lýsing	Vægi
Grunnformin í pappa og önnur efni	15%
Frjálst verk (skúlptúr)	20%
Gifsverk	20%
Tilraunir	10%
Skissu/dagbók/hugmyndavinna	15%
Ástundun, vinnusemi, stundvísi, framfarir, árangur, umgengni	20%

Ætlast er til 100% mætingar af nemendum.

Skipulag annarinnar:

Vika 33 Kynning á áfanganum. Ýmsir listamenn og verk þeirra bæði íslenskir og erlendir kynntir.

Vinna við Ready made eða skranskúlptúr.

Vika 34-36 Grunnformin í pappa og önnur efni

Vika 35-40 Tilraunir og gifsskúlptúr/steypu

Vika 41-44 Vettvangsheimsókn, verkefnavinnu, kynning verkefna

Vika 45-48 Lokaverkefni, frjálst efnisval

Námsgögn: Ýmsar listaverkabækur, tímarit, myndbönd og ljósmyndir af verkum listamanna.

Innkaup: Skissu og dagbók fæst á skrifstofu


Með fyrirvara um breytingar

Athugið

Verkefni nemenda eru geymd án ábyrgðar í 1 ár frá sýnidegi prófa og fargað hafi þau ekki verið sótt að þeim tíma liðnum

Gangi ykkur vel og hafið gaman af.

Karín og Hallgrímur

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	MYL 303- Þrívíddarformfræði Kennsluáætlun – haustönn 2010	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils